

Veitur ohf  
Bæjarháls 1  
110 Reykjavík

Reykjavík, 5. september 2024  
UST202408-167/P.V.B.  
09.04.00

### **Efni: Leyfi til framkvæmda í Gróttu**

Umhverfisstofnun hefur móttakið umsókn Veitna ohf, dagsett, 19. ágúst 2024, um leyfi til framkvæmda innan Gróttu.

Gróttu er friðlýst sem friðland sbr. [auglýsing nr. 13/1984](#). Mannvirkjagerð og jarðrask allt, annað en viðhald núverandi húsa og túna, er bannað. Vegagerðin hefur rétt til þeirra framkvæmda, sem nauðsynlegar eru vegna vita og varnargarða, enda sé Umhverfisstofnun höfð í samráði um nývirki. Óheimilt er að aka um svæðið og fara þar með hesta án sérstaks leyfis. Starfsmönnum Vegagerðarinnar er heimil eðlileg umferð um svæðið með ökutæki, enda sé sú umferð takmörkuð við þjónustu vitans og aðra starfsemi Vegagerðarinnar á staðnum. Bannað er að skerða gróður, trufla dýralíf, skaða varp og fara um friðlandið með skotvopn.

### **Lýsing verkefnis:**

Verkefnið er unnið fyrir Vegagerðina. Tilgangur framkvæmdarinnar er að bæta rekstraröryggi Gróttuvita með því að endurnýja raflagnir. Um er að ræða lagningu nýs jarðstrengs í landtöku út í Gróttu við Sjóhús um 40 metra. Jafnframt að taka niður gamla loftlínu sem er í dag norðan við fræðslusetur og er heimtaug fyrir Gróttuvita. Með umsókn fylgir kort sem sýnir fyrirhugaða leið fyrir strenginn og hvar loftlínan sem til stendur að fjarlægja liggur. Grafa verður notuð til að leggja strenginn og taka niður tréstaupa frá loftlínuni. Það yfirborð sem raskast verður lokað í samræmi við aðliggjandi gróður. Að verkinu kæmu 3-4 starfsmenn og færi það fram í september og október 2024.

### **Áhrifamat:**

Umhverfisstofnun metur verkefnið líklegt til að hafa neikvæð áhrif á náttúrufar og verndargildi til skamms tíma. Svæðið er enn nýtt af fuglum þegar áætlað er að framkvæmdir færu fram og eitthvað rask mun verða á gróðri. Mat stofnunarinnar er áhrifin séu afturkræf og ásýnd svæðisins verði um 1-2 ár að jafna sig sé farið að skilyrðum leyfis. Mat stofnunarinnar er að gestir svæðisins muni verða fyrir truflunum á framkvæmdartíma en hægt sé að takmarka þau sé farið að skilyrðum leyfisins.

**Skilyrði:**

Umhverfisstofnun veitir Veitum ohf fyrir sitt leyti leyfi til framkvæmda innan Gróttu sbr. lýsingu hér að ofan á tímabilinu 5. september til 31. október 2024 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- **Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.**
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Forðast skal óþarfa rask og stærð framkvæmdasvæðis skal haldið í lágmarki.
- Koma skal fyrir merkingum um framkvæmdartíma við svæðið og kynna fyrir gestum svæðisins.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- Vanda skal frágang að verki loknu. Vinna skal að endurheimt og landmótun á því yfirborði sem raskast og um leið afmá öll ummerki framkvæmdanna.
- Við uppgræðslu skal nota staðargróður.
- Óheimilt er að trufla dýralíf.
- Óheimilt er að skemma girðingu sem staðsett er við slóða milli sjóhúsins og vitans.
- Starfsmenn verkefnisins gangi snyrtilega um svæðið og forðist allt rask utan framkvæmdarsvæðis og þess gætt að allur úrgangur verði fjarlægður.
- Einungis skal aka gröfunni að og innan skilgreinds framkvæmdarsvæðis. Afmá skal öll hjólför utan vega að framkvæmdum loknum.
- Gæta skal að mengunarvörnum farartækja og þess gætt að mengandi vökvi berist ekki í jarðveg/vatn.
- Þess skal gætt við akstur utan vega að hann fari fram á tímum þar sem hann veldur sem minnstu raski á jarðvegi og gróðri.

Ef leyfishafi veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir leyfishafa að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Leyfi landeigenda og/eða sveitarfélags gæti þurft fyrir verkefninu.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

**Leyfisgjald:**

Umhverfisstofnun hefur nú innheimt gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi á friðlýstum svæðum sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn

um framkvæmdir, kvikmyndagerðar og/eða myndatöku er kr. **83.200.** sbr. 29. gr. b. gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 1410/2023.

**Eftirlit:**

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllt

Inga Dóra Hrólfsdóttir

**sviðsstjóri**

René Biasone

**sérfræðingur**